ÞJÓÐMÁLAKÖNNUN

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUNAR

Maí 2012

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

INNGANGUR

Í Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands er spurt um ýmis samfélagsleg málefni og það sem efst er á baugi hverju sinni. Hér má sjá spurningar sem snúa að komandi forsetakosningum þann 30.júní 2012.

Könnunin var send á netpanel Félagsvísindastofnunar, sem samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem samþykkti að taka þátt í könnunum á vegum Félagsvísindastofnunar á vefnum. Netpanellinn byggist á tilviljunarúrtaki úr Þjóðskrá. Söfnun í netpanel á sér stað jafnt og þétt yfir árið. Til að uppfylla strangar aðferðarfæðilegar reglur um val á þátttakendum í netpanel er hann reglulega uppfærður svo hann samsvari dreifingu í þýði með tilliti til kyns, aldurs, búsetu, menntunar og tekna. Með því að tryggja gæði netpanelsins með framangreindum hætti er möguleiki á að alhæfa um niðurstöður rannsókna sem byggjast á svörum úr honum.

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Tekið var 1890 manna tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Gagnasöfnun hófst 8. maí 2012 og lauk 18. maí 2012. Alls svöruðu 1075 og er svarhlutfall því 57% (sjá töflu 1).

Tafla 1. Framkvæmd könnunarinnar

Upplýsingasöfnun	08.05.12 -18.05.12
Framkvæmdarmáti	Netkönnun
Fjöldi í úrtaki	1890
Fjöldi svarenda	1075
Svarhlutfall	57%

Munur er munur á aldursdreifingu svarenda og meðal Íslendinga almennt. Gögnin voru því vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu til þess að niðurstöður úr úrtaki gæfu sem besta mynd af þýði.

ÚRVINNSLA

Niðurstöður eru birtar í töflum og myndum. Töflurnar sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir bakgrunnsþáttunum kyni, aldri, búsetu, menntun og stjórnmálaskoðun. Í töflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara í hverri töflu.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun (p<0,05). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu sé einnig til staðar meðal Íslendinga í desember 2011/janúar 2012. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi (p<0,01) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði (p<0,001).

Svarendur voru spurðir hvaða forsetaframbjóðandi fengi atkvæði þeirra í forsetakosningunum 30. júní 2012. Þeir sem sögðu „veit ekki“ voru spurðir áfram hvaða frambjóðandi væri líklegastur til að fá atkvæði þeirra. Þeir sem sögðu enn „veit ekki“ voru spurðir hvort þeir héldu að það væri líklegra að þeir myndu kjósa Ólaf Ragnar Grímsson eða einhvern hinna frambjóðendanna.

Þeim svarendum sem svöruðu þriðju spurningunni þannig að þeir myndu líklega kjósa einhvern frambjóðanda annan en Ólaf Ragnar Grímsson, var skipt á milli þeirra frambjóðenda og þeirra sem sögðust skila auðu eða kjósa ekki í sömu innbyrðis hlutföllum og fengust við tveimur fyrri spurningunum.

Þessi aðferðafræði var upphaflega þróuð fyrir spurningar um Alþingis- og sveitastjórnarkosningar þar sem spurt er um Sjálfstæðisflokkinn í þriðju spurningunni. Sjálfstæðisflokkurinn hefur gjarnan fengið minna fylgi í kosningum heldur en mælst hefur í könnunum þar sem notast er við eina spurningu um hvaða lista eða flokk svarendur myndu kjósa. Með því að nota þessar þrjár spurningar er leitast við að minnka þann mun sem vill oft koma fram milli kannana og endanlegrar niðurstöðu í kosningum. Hér eru sýndar niðurstöður þegar búið er að leggja saman niðurstöður þessara þriggja spurninga.

NIÐURSTÖÐUR

Eftir fyrstu spurninguna var fimmtungur svarenda óákveðinn um val sitt á forsetaframbjóðanda. Sá hópur var spurður áfram um hvaða frambjóðandi væri líklegastur til að fá atkvæði þeirra. Eftir þá spurningu voru 9% enn óákveðnir. Þeir voru spurðir hvort það væri líklegra að þeir myndu kjósa Ólaf Ragnar Grímsson eða einhvern hinna frambjóðendanna. Eftir þá spurningu voru 4% óákveðnir. Mynd 1 sýnir niðurstöður þegar búið er að taka svör við öllum þremur spurningunum saman.



Mynd 1. Hvaða forsetaframbjóðandi fær atkvæði þitt í forsetakosningum 30. júní 2012? (Óákveðnir spurðir áfram: „En hvaða frambjóðandi er líklegastur til að fá atkvæði þitt?“ Ennþá óákveðnir spurðir áfram: „En hvort er líklegra að þú kjósir Ólaf Ragnar Grímsson eða einhvern hinna frambjóðendanna?“)

Þegar svör þeirra sem taka afstöðu til spurningarinnar voru skoðuð kom í ljós að ríflega 46% svarenda ætla að kjósa Þóru Arnórsdóttur í komandi forsetakosningum. Ólafur Ragnar Grímsson mælist með um tæplega 38% fylgi. Ari Trausti Guðmundsson fær 9% fylgi, Andrea J. Ólafsdóttir 4% og Herdís Þorgeirsdóttir tæp 3%. Aðrir frambjóðendur eru með minna fylgi (sjá mynd 2).



Mynd 2. Hvaða forsetaframbjóðandi fær atkvæði þitt í forsetakosningum 30. júní 2012? (Óákveðnir spurðir áfram: „En hvaða frambjóðandi er líklegastur til að fá atkvæði þitt?“ Ennþá óákveðnir spurðir áfram: „En hvort er líklegra að þú kjósir Ólaf Ragnar Grímsson eða einhvern hinna frambjóðendanna?“). Svör þeirra sem taka afstöðu.

Tafla 1. Hvaða forsetaframbjóðandi fær atkvæði þitt í forsetakosningum 30. júní 2012? (Óákveðnir spurðir áfram: „En hvaða frambjóðandi er líklegastur til að fá atkvæði þitt?“ Ennþá óákveðnir spurðir áfram: „En hvort er líklegra að þú kjósir Ólaf Ragnar Grímsson eða einhvern hinna frambjóðendanna?“) - Bakgrunnsgreining

	Ari Trausti Guðmundsson	Ólafur Ragnar Grímsson	Þóra Arnórsdóttir	Aðrir frambjóðendur	Kýs ekki/skila auðu/veit ekki/vil ekki svara	Fjöldi svara
Heild	8%	35%	42%	6%	9%	1083
Kyn*						
Karl	9%	37%	37%	8%	9%	545
Kona	8%	32%	47%	5%	8%	537
Aldur						
18 til 29 ára	6%	38%	38%	8%	10%	252
30 til 39 ára	10%	31%	45%	7%	8%	198
40 til 49 ára	10%	30%	42%	8%	11%	194
50 til 59 ára	6%	38%	46%	6%	5%	181
60 ára og eldri	10%	35%	42%	5%	8%	259
Búseta						
Höfuðborgarsvæði	8%	34%	44%	6%	9%	686
Landsbyggð	8%	36%	40%	8%	9%	384
Menntun**						
Grunnskólapróf	6%	48%	36%	6%	4%	171
Nám á framhaldsskólastigi	7%	40%	37%	8%	8%	442
Nám á háskólastigi	11%	24%	49%	5%	10%	443
Flokkur**						
Framsóknarflokkurinn	6%	57%	26%	6%	4%	93
Sjálfstæðisflokkurinn	9%	48%	30%	6%	7%	265
Samfylkingin	5%	18%	67%	3%	7%	146
Vinstri hreyfingin - Grænt framboð	12%	22%	51%	10%	5%	99
Annar flokkur	9%	32%	46%	12%	1%	148
Skila auðu	8%	34%	41%	6%	12%	172
Veit ekki	9%	22%	42%	6%	22%	65

Marktækur munur er á hópum; $*p < 0.05$, $**p < 0.01$, $***p < 0.001$

Tafla 2. Hvaða forsetaframbjóðandi fær atkvæði þitt í forsetakosningum 30. júní 2012? (Óákveðnir spurðir áfram: „En hvaða frambjóðandi er líklegastur til að fá atkvæði þitt?“ Ennþá óákveðnir spurðir áfram: „En hvort er líklegra að þú kjósir Ólaf Ragnar Grímsson eða einhvern hinna frambjóðendanna?“). Svör þeirra sem taka afstöðu. Bakgrunnsgreining

	Ari Trausti Guðmundsson	Ólafur Ragnar Grímsson	Þóra Arnórsdóttir	Aðrir frambjóðendur	Fjöldi svara
Heild	9%	38%	46%	7%	991
Kyn*					
Karl	10%	41%	41%	9%	496
Kona	8%	35%	52%	5%	494
Aldur					
18 til 29 ára	6%	42%	43%	9%	227
30 til 39 ára	10%	34%	49%	7%	182
40 til 49 ára	11%	34%	47%	9%	173
50 til 59 ára	6%	40%	48%	6%	172
60 ára og eldri	11%	38%	45%	5%	238
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	8%	37%	49%	6%	626
Landsbyggð	9%	39%	44%	9%	351
Menntun**					
Grunnskólapróf	6%	50%	38%	6%	164
Nám á framhaldsskólastigi	7%	43%	41%	9%	406
Nám á háskólastigi	12%	27%	55%	6%	397
Flokkur**					
Framsóknarflokkurinn	7%	60%	27%	7%	89
Sjálfstæðisflokkurinn	10%	52%	32%	6%	247
Samfylkingin	5%	20%	72%	3%	136
Vinstri hreyfingin - Grænt framboð	13%	23%	53%	11%	94
Annar flokkur	10%	32%	46%	12%	147
Skila auðu	9%	38%	47%	7%	152
Veit ekki	12%	27%	53%	8%	51

Marktækur munur er á hópum; *p < 0.05, **p < 0.01, ***p < 0.001